



## Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2013 - 2014 haldinn 20.02.2014 klukkan 08:15 – 09:15

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

Fundaritari: Valdimar Víðisson

### Mættir:

Stjórnendur: Valdimar Víðisson, skólastjóri og Margrét Sverrisdóttir, staðgengill skólastjóra.

Fulltrúar foreldra: Halldóra Hinriksdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Eva Egilsdóttir, Guðrún Einarsdóttir og Sigurveig Þormar.

Fulltrú grenndarsamfélagsins: Eftir að skipa fulltrúa.

Fulltrúar nemenda: Ari Vestmar Ýmisson og Elfa Rún Björnsdóttir.

1. Skóladagatal 2014 – 2015.
  - a. Ábending frá fulltrúa foreldra. Það eru 18 virkir dagar í frí fyrir nemendur. Um er að ræða vetrarfrí, virkir dagar í jóla- og páskafrí og skipulagsdagar. Þá eru ekki taldir með bleikir dagar sem eru yfirleitt styttri en aðrir dagar. Mikilvægt að skólasamfélagið og atvinnulífið samræmi þetta frekar með einhverjum hætti.
  - b. Skólaráð samþykkti skóladagatalið og verður það sent til fræðslustjóra.
2. Skólaárið 2014 – 2015.
  - a. Skólastjóri kynnti hugmyndir að ýmsum breytingum sem eru áætlaðar.
    - i. Tvær deildir í staðinn fyrir þrjár. Þá verður yngri og eldri deild. Markmiðið með þeirri breytingu er að styrkja og styðja enn frekar við faglegt samstarf innan skólans.
    - ii. Leitað verður eftir fagstjórum úr röðum kennara. Á eftir að útfæra verklýsingu og hvaða fög fá fagstjóra.
    - iii. Umræður meðal stjórnenda um að efla faglegt samstarf enn frekar með því að fella niður bekkjarmúra. Árgangur undir en ekki formlegir bekkir. Þessar vangaveltur eru á byrjunarstigi.
3. Önnur mál.
  - a. Á næstu vikum verður auglýst eftir aðstoðarskólastjóra.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 25.03.2014

Fundi slitið klukkan 09:00  
Valdimar Víðisson